

Landsnet  
Ólafur Arnason  
Gylfaflöt 9  
112 Reykjavík

**2008030095**  
8717; 0000; 1400;  
2000; 1000; 1100;  
1300; 1604; 1603;  
2506; 2300; 2503;  
9310

Reykjavík, 25. mars 2009  
/--

**Efni: Ákvörðun vegna sameiginlegs mats. Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi.**

Þann 27. janúar 2009 barst Skipulagsstofnun tillaga Landsnets að matsáætlun vegna mats á umhverfisáhrifum Suðvesturlína, þ.e. háspennulína sem eiga að styrkja flutningskerfi raforku á Suðvesturlandi. Tillagan var send eftirtöldum aðilum til umsagnar: Sveitarfélaginu Ölfusi, Mosfellsbæ, Reykjavíkurborg, Garðabæ, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Seltjarnarnesbæ, Sveitarfélaginu Álftanesi, Reykjanesbæ, Grindavíkurbæ, Sveitarfélaginu Vogum, Sveitarfélaginu Garði, Ferðamálastofu, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja, Hitaveitu Suðurnesja, Neytendastofu, Orkustofnun, Orkuveitu Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni. Þá lá tillagan frammi á netinu til kynningar frá 29. janúar til 13. febrúar 2009 og bárust athugasemdir frá Landvernd og Náttúruverndarsamtökum Íslands dags. 13. febrúar 2009.

Í athugasemdum Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands er farið fram á að orkuflutningar og orkuöflun verði metin heildstætt, með vísan til 2. mgr. 5. gr. í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. Óskað er eftir að Skipulagsstofnun geri framkvæmdaraðilum að meta sameiginlega allar matskyldar framkvæmdir sem tengjast fyrirhuguðum orkuflutningum frá Hengilssvæðinu til Helguvíkur.

Í athugasemdum Landverndar kemur fram að samtökin hafi á sínum tíma farið fram á heildstætt mat fyrir álver í Helguvík og aðrar tengdar framkvæmdir. Þeirri beiðni hafi verið hafnað af Skipulagsstofnun og síðar umhverfisráðherra. Fyrirvarar sem Skipulagsstofnun setti fram í álitinu sínu fyrir álver í Helguvík hafi skv. úrskurði úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála ekki átt sér lagastoð. Því sé brýnt að stofnunin nýti sér þær heimildir sem hún hefur skv. 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum og tryggi að þessu sinni að ekki verði gefin út leyfi til framkvæmda, fyrr en umhverfisáhrif heildarinnar hafi verið metin með

lögformlegum hætti. Vísað er til þess að máli skipti að ljóst verði hvaðan orkan sem þjóna á álveri í Helguvík eigi að koma. Ef ekki fáist nægjanleg orka frá Reykjanesvirkjun komi til greina að virkjað verði í Eldvörpum og á Krýsuvíkursvæðinu t.d. í Trölladyngju, Sandfelli, Seltúni og Austurengjum.

Skipulagsstofnun telur að með þessum athugasemdum hafi komið fram sú krafa að stofnunin taki ákvörðun um hvort hún muni beita 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000 og láta fara fram sameiginlegt mat framkvæmda tengdum orkuflutningum frá Hengilssvæðinu að Helguvík. Sú ákvörðun þarf, sbr. úrskurð umhverfisráðherra frá 3. apríl 2008, að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin um matsáætlun þeirrar framkvæmdar sem er til umfjöllunar. Umræddur úrskurður umhverfisráðherra fjallaði um kæru Landverndar vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að beita ekki umræddri valdheimild um sameiginlegt mat vegna framkvæmda tengdum álveri í Helguvík. Í úrskurðinum segir : „*Til að sameiginlegt mat skv. 2. mgr. 5. gr. geti farið fram og skilað tilætluðum árangri í samræmi við markmið 1. gr. laganna þarf ákvörðun um slíkt mat að mati ráðuneytisins að liggja fyrir áður en ákvörðun er tekin um matsáætlun þeirrar framkvæmdar sem til umfjöllunar er hverju sinni.* ”

Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands fara fram á að sameiginlegt mat skuli taka til styrkingar raforkuflutningskerfisins og þeirra virkjana sem eiga eftir að fara í mat á umhverfisáhrifum og þjóna eigi orkuþörf álvers í Helguvík auk raflína frá þeim inn á raforkukerfið. Skipulagsstofnun hefur haft samráð við hugsanlega virkjunaraðila á Reykjanesi, sveitarfélög og aðra leyfisveitendur með því að óska eftir umsögnum vegna tillögu Landsnets um styrkingu raforkuflutningskerfisins á SV – landi. Enginn umsagnaraðila taldi að Skipulagsstofnun ætti að nýta umrætt heimildarákvæði sitt um að láta fara fram sameiginlegt mat á framkvæmdum tengdum orkuflutningum frá Hengilssvæðinu að Helguvík.

Skipulagsstofnun bendir á að áform um virkjanir á þeim svæðum sem Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands nefna í athugasemdum sínum, eru enn jafnóljós og þau voru þegar matsskýrsla álversins í Helguvík lá fyrir í september 2007. Engin gögn hafa verið lögð inn til Skipulagsstofnunar vegna virkjanaáforma á umræddum svæðum. Því er ekki hægt að bera saman stöðu framkvæmda á Reykjanesi nú við stöðu framkvæmda sem tengjast fyrirhuguðu álveri á Bakka, þegar þær voru úrskurðaðar í sameiginlegt mat, en þar höfðu tillögur að matsáætlunum vegna umhverfisáhrifa þeirra þegar verið lagðar fram. Ef ákvörðun yrði tekin um að umræddar framkvæmdir færu í sameiginlegt mat, yrði að vinna það á sambærilegan hátt og lagt hefur verið til við framkvæmdaraðila tengdum álveri á Bakka. Það myndi þýða að ekki væri hægt að leggja fram frummatsskýrslu fyrir styrkingu raforkuflutningskerfisins á SV-landi fyrr en frummatsskýrslur fyrir alla virkjanakosti lægju fyrir, sem nauðsynlegir eru til að fullnægja orkuþörf álvers í Helguvík og þá um leið yrði lögð fram frummatsskýrsla sem gerði grein fyrir heildarumhverfisáhrifum framkvæmdanna.

Við afgreiðslu mála ber Skipulagsstofnun að taka mið af meðalhófsreglu 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 377/1993. Í henni felst fyrst og fremst að stjórnvald skuli því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar því lögmæta markmiði sem að er stefnt verður ekki náð með öðru og vægara móti. Í þessu tilviki myndi hið lögmæta markmið teljast vera að upplýst sé um umhverfisáhrif framkvæmdar og að dregið sé eins og kostur er úr neikvæðum

umhverfisáhrifum framkvæmdar, eins og því er nánar lýst í 1. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Í ljósi þess hversu íþyngjandi ákvörðun um sameiginlegt mat er fyrir framkvæmdaraðila telur stofnunin að það verði að vera ljóst að hinu lögmæta markmiði verði ekki náð með öðrum leiðum. Skipulagsstofnun getur fallist á að ávinningur getur fengist með samtíma mati tengdra framkvæmda, en telur að hægt sé að ná þeim ávinningi fram á annan hátt. Í því tilviki sem hér um ræðir t.d. með því að gera framkvæmdaraðila að fjalla um tengdar framkvæmdir í matsvinnu vegna styrkingu raforkuflutningskerfisins. Í svari Landsnets við athugasemdum Landverndar og Náttúruverndarsamtaka Íslands í bréfi dags. 23. febrúar 2009 kom m.a. fram að þegar og ef til virkjanaf framkvæmda komi á þeim svæðum sem getið er um í athugasemdum, þá sé eðlilegt að við mat á umhverfisáhrifum þeirra verði skoðaðar tengingar háspennulína inn á þau svæði.

Í ljósi framangreinds og þess hversu óljóst er hvaða framkvæmdir munu tengjast raforkuöflun og orkuflutningi vegna álvers í Helguvík og hversu mislangt á veg þær framkvæmdir eru komnar í undirbúningi, myndi það að mati Skipulagsstofnunar stangast á við 12. gr. stjórnsýslulaga að gera Landsneti að bíða eftir því að farið yrði af stað með mat á umhverfisáhrifum nýrra virkjanakosta. Skipulagsstofnun telur sér því ekki fært að nýta sér heimildarákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur hér með þá ákvörðun skv. 2. mgr. 5. gr. í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 að framkvæmdin Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á Suðvesturlandi skuli ekki metin með öðrum framkvæmdum sem tengjast álveri í Helguvík.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 24. apríl 2009.

Rut Kristinsdóttir

Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus, Mosfellsbær, Reykjavíkurborg, Garðabær, Hafnarfjarðarbær, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Sveitarfélagið Álftanes, Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Sveitarfélagið Vogar, Sveitarfélagið Garður, Ferðamálastofa, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Hitaveita Suðurnesja, Neytendastofa, Orkustofnun, Orkuveita Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Landvernd og Náttúruverndarsamtök Íslands.

